

## FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-012-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
27.10.2021	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
12	<ol style="list-style-type: none"> <li>Loftslagsmál og nýting í umhverfisskýrslu</li> <li>Verndarheildir og mannvirkjabelti</li> <li>Kynning fyrir gesti: UST, Þingvallapjóðgarður, Vatnajökulspjóðgarður, Katla jarðvangur</li> <li>Flokkun landslags og svæðaskipting</li> <li>Umræður</li> <li>Önnur mál</li> <li>Næsti fundur</li> </ol>	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IS 27.10.2021	SASS	Selfoss
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Thorarensen	Árborg	
Ásta Begga Ólafsdóttir	Ásahreppur	
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð	
Rósa Matthíasdóttir, Hrafnkell Guðnason	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningshreppur	
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur	
Einar Freyr Elínarson, George Frumuselu	Mýrdalshreppur	
Anton Kári Halldórsson	Rangárþing eystra	
Haraldur Birgir Haraldsson	Rangárþing ytra	
Ólafur Júlíusson	Skaftárhreppur	
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Vigfús Þór Hróbjartsson	UTU	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
Helgi Kjartansson, Anton Kári Halldórsson	Verkefnastjórn	
Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ragnhildur Gunnarsdóttir, Sigurður Thorlacius	Verkfræðistofan EFLA	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	

Drög að greinargerð, minnisblað með samantekt á umsögnum við skipulagslýsingu.

24. nóvember

#### DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 11. fundar og telst hún samþykkt.

### 1. Loftslagsmál og nýting í umhverfisskýrslu

Sigurður Thorlacius kynnti mat á kolefnisspori, skýrslu sem Efla vann fyrir Skipulagsstofnun. Til eru staðlar fyrir kolefnisspor svæða.

Farið var yfir flokka kolefnislosunar, þ.e. hvaðan er losunin að koma.

**Losun frá uppsprettu innan svæða** eru almennt vegna; iðnaðar, samgangna, orkuvinnslu, landbúnaðar, skógræktar og annarrar landnotkunar, úrgangs.

**Losun frá uppsprettu utan svæða** eru almennt vegna; úrgangs, orkuvinnslu, flutningskerfis raforku og samgangna.

#### Losunarpættir á Suðurlandinu:

- Uppbygging mannvirkja, þ.e. vegir, virkjanir, byggingar.
- Umferð, þ.e. bílar, flutningar.
- Landnotkun, þ.e. raskað votlendi, jarðvegsrof.
- Landbúnaður.

Tillaga er um að varðandi loftslagsmál verði skoðaðir vegir og uppbygging á þeim. Það er áhrif m.v. uppbyggingu vega, efnisflutninga, umferð og röskun á votlendi.

#### Umræður:

Horfa þarf á mismuninn á kolefnisspori Byggðalínu og Sprengisandslínu.

Flutningskerfi innan svæðisins. Skiptir máli hvers konar land er tekið undir ný mannvirki. Er fjallað um stöðuna núna og hvernig hún verður með mögulegum nýjum flutningsmannvirkjum?

Meta þarf allar sviðsmyndir út frá núverandi ástandi varðandi vegi og líka út frá stefnunni sem sett verður fram í svæðisskipulaginu. Ekki verður farið í útreikninga heldur gefum við okkur ákveðnar forsendur og metum áhrifin út frá því. T.d. er gert ráð fyrir þungaflutningum í sviðsmynd D en ekki hinum sviðsmyndunum. Um þriðjungur kolefnislosunar frá samgöngum er vegna vetrarþjónustu á vegum.

Rætt var um hversu stór þáttur loftslagsmálin verða í umhverfisskýrslunni og hversu mikla áherslu eigi að leggja á þau. Ekki alveg ákveðið en rætt hefur verið um að tengja stefnumörkun við loftslagsmál, ekki síst samgöngur. Gott ef hægt er að hafa þetta sem einfaldast þar sem skipulagið er unnið í grófum skala. Loftslagsmálin eru einn þáttur í umhverfismatinu, máli skiptir hvernig land er tekið undir mannvirki.

Það hefur mikil áhrif ef vegir liggja um gróið land eða votlendi. Minni áhrif ef núverandi vegstæði er nýtt og ekki þarf að brjóta nýtt land undir vegi. Vegir elta frekar hryggi í landinu og á þeim er í flestum tilfellum lítill gróður.

Er hægt að fækka sviðsmyndunum? Mikilvægt er að þær séu áfram fjórar því annars væri miðjukosturinn sá kostur sem yrði fyrir valinu. Eðlilegt sé að sviðsmyndir nái t.d. yfir allir hugmyndir sem hafa verið í umræðunni varðandi vegi Sviðsmyndagreiningar eru langt komnar.

Mikið er horft til loftslagsmála núna, því er mikilvægt að gera þeim góð skil.

## 2. Verndarheildir og mannvirkjabelti

Farið yfir mögulega skilgreiningu og grófa framsetningu á verndarheildum og mannvirkjabeltum.

Horfum til þriggja mismunandi flokka verndarheilda og skilmála fyrir hvern flokk fyrir sig.

**V1.** Verðmætustu svæðin sem koma út úr landslagsgreiningunni sem er í vinnslu.

**V2.** Verðmæt svæði en minna mikilvæg en svæði í flokki V1.

**V3.** Minna verðmæt svæði t.d. með háspennulínunum norðan Skjaldbreiðar og Byggðalínunni um Fjallabakssvæðið.

Á Holtamannafrétti er hugmynd um að verði „mannvirkjabelti“ sem tekur til núverandi virkjana- og veitumannvirkja, auk háspennulína. Þetta svæði næði utan um það svæði sem er undir ef í svæðisskipulaginu verður ákveðið að hafa opinn möguleika á lagningu háspennulínu yfir Sprengisand.

Landslagsgreiningin sem er í vinnslu verður notuð til að meta hversu verðmæt svæði eru og í hvaða verndarflokki þau lenda.

### Umræður:

Erum að ná utan um verkefnið með þessu móti.

Tekið undir mikilvægi mannvirkjabeltis. Skynsamlegt að háspennulína fylgi öðrum núverandi mannvirkjum. Í Kerfisáætlun Landsnets er gert ráð fyrir háspennulínu yfir hálendið eða styrkingu byggðalínunnar um Fjallabakssvæðið. Í Kerfisáætlun er ekki tekin afstaða til þess hvor kosturinn verður fyrir valinu. Hafa þetta opið í svæðisskipulaginu því hvorki vinnuhópurinn né Landsnet hefur tekið af skarið með hvor leiðin verður fyrir valinu. Landsnet hlýtur að horfa til stefnu viðkomandi sveitarfélaga.

Í Skaftárhreppi er umræða í gangi um hvort gert verði ráð fyrir virkjunum í endurskoðun aðalskipulags, sem er í vinnslu. Ef gert verður ráð fyrir virkjunum, sem er líklegt, er mikilvægt að heimila háspennulínur frá þeim. Hólmsárvirkjun við Atley er í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps og Hnútvirkjun einnig.

Svæðisskipulagið þarf að hljóta samþykki allra sveitarfélaganna sem koma að málinu, því þarf að horfa til stefnu sveitarfélaga í þeim málaflokkum sem skipulagið nær til.

Líklega þarf að hafa samráð við Skipulagsstofnun í byrjun næsta árs um ýmis málafni sem óvissa ríkir um. Getur t.d. átt við um hvort sýna þurfi virkjanakosti í biðflokki, en væntanlega er nægjanlegt að gera grein fyrir þeim í forsendum.

Skiptir máli hvort gert er ráð fyrir loftlínu eða jarðstreng? Jarðstrengur skerðir ekki víðerni. Á 220 kV háspennulínu sem er 200 km löng er hægt að vera með 50 km langan jarðstreng. Raskið vegna strengs er talsvert á framkvæmdatíma.

Ef skýr vilji sveitarfélaga/vinnuhópsins er að gert verði ráð fyrir einhverjum virkjanakosti í biðflokki þá er hægt að aðlaga afmörkun verndarheilda að því.

### 3. Kynning fyrir gesti

Fulltrúar Umhverfisstofnunar, Þingvallabjórðgarðs, Vatnajökulsþjóðgarðs og Kötlu jarðvangs mættu á fundinn.

Gerð grein fyrir því að vinna á stefnuna nokkuð hratt og að hún verði komin í gróf drög fyrir sveitarstjórnarkosningar næsta vor. Tillagan verði auglýst eftir ca ár. Tillagan tekur til valinna landnotkunarpátta. Gerð var lauslega grein fyrir mismunandi sviðsmyndum.

### 4. Flokkun landslags og svæðaskipting vegna náttúrufars

Farið var yfir drög að svæðaskiptingu innan svæðisins og sýnt hvernig hægt er að flokka ýmsa landslagsþætti innan svæða. Gildir um jarðmyndanir, landslag, víðerni, vistgerðir o.fl.

### 5. Umræður

**Fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs.** Aðferðafræðin við flokkun landslags nýtist fyrir Vatnajökulsþjóðgarð en hugmyndir eru um sambærilegt verkefni innan hans. Upplifunargildi er mjög mikivægt að hafa í huga og meta. Mismunandi er hvernig fólk upplifir landið. Anna Dóra Sæþórsdóttir hefur komið að svona greiningu ásamt greiningu á ferðasvæðum. Þetta kemur fram í skýrslum tengdum rammaáætlun frá því í apríl s.l. Mikið hefur verið spáð í fugla í tengslum við vinnu við rammaáætlun. Öll gögnin eru til á GIS formi.

Er horft á stjórnunar- og verndaráætlun (s&v) Vatnajökulsþjóðgarðs eins og hún er? Það er gert. Líklegt að samræmi verði í svæðisskipulaginu en hugsanlega gengið lengra en en í s&v, t.d varðandi að Vonarskarð verði skilgreint sem kyrrlát svæði. Greint frá því að endurskoðun á hluta s&v stendur yfir og stefnt að stærri endurskoðun á næstunni. Það er því rými til að ræða breytingar á stefnunni. Margt er líkt með s&v og þeirri stefnu sem kynnt hefur verið á þessum fundi.

Áhugavert væri að sjá afmörkun friðlýstra svæða ofan á landslagsgreiningunni.

**Fulltrúi Þingvallabjórðgarðs.** Miðað er við þjóðlendulínu sem liggur í gegnum Þingvallabjórðgarð. Æskilegt er að skoðuð verði stefna um landnotkun í þjóðgarðinum ásamt lögum um verndun vatnasviðs Þingvallavatns. Ýtarlegar áherslur þarna varðandi landnotkun sem eðlilegt er að horft verði til við vinnu svæðisskipulagsins. Þingvellir eru á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna (eins og Vatnajökulsþjóðgarður). Nokkur svæði á Íslandi eru í svona ferli, m.a. náttúra og jarðfræði Þingvallasvæðisins. Þingvallasvæðið þykir gríðarlega verðmætt í alþjóðlegu samhengi. Landslagsheildin Þingvellir hefur mikið verndargildi af ýmsum ástæðum. Mörk þjóðgarðsins eru dregin milli tveggja punkta en fylgja ekki landræðilegri afmörkun. Skjaldbreið er t.d. hluti af umgjörð Lögbergs. Þingvallasvæðið allt mun þurfa að skora mjög hátt í þessari vinnu.

**Umhverfisstofnun.** Í breytingu á lögum um náttúruvernd var bætt inn að afmörkun víðerna sé að jafnaði 5 km.

Ný stjórnunar- og verndaráætlun er til fyrir Fjallabaksvæðið. Einnig skýrsla frá 2016 um framtíðarsýn svæðisins. Tilfinningar og upplifun ráða hvernig við upplifum víðerni.

Innan Suðurláendisins eru friðlýst svæði og þarf að skoða stefnu fyrir þau. Fjallabakssvæðið er á tilnefningarlista UNESCO. Í stefnu fyrir Fjallabak kemur fram að það þurfi að stækka svæðið svo það verði UNESCO svæði.

Í undirbúningi er endurskoðaður B-hluti náttúruminjaskrár.

### Umræður almennt

Magnús/VJP: Minnir á menningarminjar, að þær séu hluti af umræðunni. Einnig að gott væri að horfa til hæðar lands í flokkun, t.d. hversu stór hluti er í 600 m.y.s. upp á viðkvæmni gróðurs að gera o.fl. Greint frá því að auðvelt sé að bæta slíkri flokkun við.

GG gerði lauslega grein fyrir hugmyndum um þrjá flokka verndarheilda. Reiknað með að friðlýstu svæðin skori hátt í landslagsgreiningunni.

Erum komin með grunnvatnshlot fyrir Ísland, frá Veðurstofunni. Hægt að leggja þau til grundvallar í landslagsgreiningu.

Hugmyndir hafa komið fram um málþing varðandi víðerni og afmörkun þeirra.

### 6. Önnur mál

Greint frá því að haldinn hefur verið fundur með fulltrúa Forsætisráðuneytisins.

### 7. Næsti fundur

Fundur nefndar og kynningarfundur verði haldinn sama dag. 24. nóvember (mið) kemur til greina, staðsetning Hvolsvöllur en nánari fundarstaður ákveðinn síðar.

Tímasetning fundar nefndar kl. 16-18, svo matarhlé?

Heppileg tímasetning fyrir opinn íbúafund rædd, etv. kl. 19-21? Ákveðið síðar. Fundinum verður streymt.

Rætt um að fá sveitarstjórnir á opna fundinn. Það verður engum boðið, bara almenn auglýsing.

Síðasti fundur nefndar á þessu ári verður þriðjudaginn 7. desember, eins og áður hefur verið rætt.